

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

3. tbl., 7. árg., 10. febrúar 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

### Aðalskipulag Hörgárbyggðar

## Kynningarfundur

um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins verður  
fimmtudaginn 15. febrúar 2007 í Hlíðarbæ. Fundurinn  
hefst kl. 20:00.

**Yngvi Þór Loftsson, arkitekt, mun gera grein fyrir  
aðalskipulagstillögunni.**

Íbúar Hörgárbyggðar eru hvattir til að koma á fundinn og  
taka virkan þátt í mótun fyrsta aðalskipulags sveitarfélagsins

**Söfnunardagur á heyrúlluplasti  
(baggaplasti)**

er 12. febrúar 2007

### **Skrifstofa Hörgárbyggðar**

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum  
dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

# Söfnun á pappír til endurvinnslu

## **Dagblaðapappír, tímarit, auglýsingabæklingar, ljósritunarpappír o.þ.h.**

Gámur fyrir pappír til endurvinnslu er kominn á efra bílastæðið við Þelamerkurskóla. Í hann á að fara allur dagblaðapappír, tímarit, auglýsingabæklingar, ljósritunarpappír, hvít umslög og þess háttar. Almenna reglan er að í gáminn á að fara allur "hvítur" pappír, þ.e. pappír sem er hvítur áður en prentað er á hann. Þó að búið sé að prenta (lit og/eða texta) á hann allan, má hann fara með. Ef vafi er á hvort pappír sé "hvítur" á að rífa upp í hann og ef "sárið" er hvítt telst pappírinn "hvítur".

## **Umbúðir úr pappa, bylgjupappa og fernur mega ekki fara í gáminn fyrir dagblaðapappírinn.**

## **Drykkjarfernur**

Stórsekk fyrir mjólkurfernur og aðrar fernur hefur verið komið fyrir við Þelamerkurskóla, nánar tiltekið innan við sorpgáminn sem er syðst í útiganginum undir mötuneytissalnum. Þar á að setja allar gerðir af drykkjarfernum, stórar og smáar, undan mjólk, rjóma, kókomjólk, ávaxtasafa o.s.frv. Gott er að skola fernurnar lauslega, brjóta saman og setja nokkrar inn í eina (búa til "kubba"), eða þá skera upp eina hliðina á þeim og raða saman í "turn".

Fyrir drykkjarfernur sem skilað er til endurvinnslu er greitt svonefnt "söfnunarstöðvargjald" til sveitarfélagsins. Ákveðið hefur verið að þetta gjald renni til ferðasjóðs nemenda í Þelamerkurskóla, gegn því að séð verði til þess að fernunum verði skilað til Endurvinnslunnar á Akureyri. **Söfnun á drykkjarfernum til endurvinnslu er fundið fé fyrir ferðasjóðinn.**

## **Bylgjupappi**

Á sama stað og sekkurinn fyrir fernurnar er, er líka stórsekkur fyrir bylgjupappa. Bylgjupappakassa þarf að brjóta saman áður en þeir eru settir í sekkinn.

Eins og fyrir fernurnar er greitt "söfnunarstöðvargjald" til sveitarfélagsins fyrir bylgjupappa. Greiðslur fyrir pappa sem safnast við Þelamerkurskóla munu líka renna til ferðasjóðsins.

Fyrir þá sem eiga frekar leið til Akureyrar en í Belamerkurskóla er bent á gáma fyrir pappír og fernur á bílastæðinu við Endurvinnsluna (þar sem flöskum og dósum er skilað). Engar greiðslur til ferðasjóðs nemenda eða sveitarfélagsins koma vegna drykkjarferna sem settar eru í gáma við Endurvinnsluna.

Íbúar Hörgárbyggðar eru hvattir til að flokka sem mest af úrgangi sínum til endurvinnslu. Það er mikilvægt til að halda aftur af fyrirsjáanlegri talsverðri kostnaðarhækkun við meðhöndlun úrgangs í framtíðinni.

## **Söfnun á ónýtum rafhlöðum**

Þann 20. febrúar nk. hefst átak fyrir allt landið í söfnun á ónýtum rafhlöðum.

Það er Úrvinnslusjóður sem stendur fyrir áttakinu, sjá heimasíðu sjóðsins, [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is).

Markmiðið er að fá fleiri til að skila rafhlöðum til endurvinnslu og koma þeim mikilvægu skilaboðum á framfæri að notuðum rafhlöðum á ekki að henda með almennu rusli sem fellur til á heimilum og í fyrirtækjum.

Endurvinnslan á Akureyri tekur við notuðum rafhlöðum. Upplagt er að safna rafhlöðum í 1-2 lítra ílát og þegar það er fullt að taka þær með í Endurvinnsluna þegar farið er með flöskur og dósir til endurvinnslu. Bensínstöðvar taka líka við notuðum rafhlöðum.



## **Síldin kemur í Hörgárdalinn....**

Leikfélag Hörgdæla hefur hafið æfingar á hinu sívinsæla leikriti Síldin kemur og síldin fer eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur.

Leikstjóri er Sunna Borg og tónlistarstjóri er Snorri Guðvarðsson.

Leikritið lýsir lífi farandverkafólki á síldarárunum, gleði þess og sorgum, vinnu, drykkju, ástum og samskiptum við heimafólk. Rauði þráðurinn er síðan togstreita síldarspekúlantsins við landeigandann sem á jörðina þar sem planið er og er hreint ekki hrifinn af síldarævintýrinu og því fólki sem safnast saman til að taka þátt í því.

Vel á þriðja tug leikara taka þátt í sýningunni og stefnt er á að frumsýna seinni partinn í mars á Melum.

### **Næsti fundur sveitarstjórnar verður 14. febrúar 2007 í þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 12. febr. og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma